

KONUNGLEG AUGLÝSING

45

5. febr.

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hér með Vorum kæru og trúu þegnum, að hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 5. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

46

15. febr.

um að Ísland hafi gengið að alþjóðasamningnum um bifreiðaumferð á alfaravegum, sem gerður var í París þann 24. apríl 1926.

Samkvæmt 13. grein alþjóðasamningsins um bifreiðaumferð á alfaravegum, sem gerður var í París þann 24. apríl 1926, hefir frakknesku ríkisstjórninni verið tilkynnt, að Ísland gangi að nefndum alþjóðasamningi.

Þátttaka Íslands tekur gildi þann 1. marz 1936, en einkennisbókstafirnir, sem ákveðnir hafa verið fyrir íslenzkar bifreiðar, eru IS. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstórn Íslands, 15. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.